

UMFÍ

SAMFÉLAGINU TIL GÓÐA

STEFNA UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS





HORFT TIL FRAMTÍÐAR - SAMFÉLAGINU TIL GÓÐA

Stefna UMFÍ, sem hér liggur fyrir, er niðurstaða vandaðrar vinnu, sem stóð yfir veturinn 2020 – 2021. Mikið og gott samtal átti sér stað á milli stjórnar UMFÍ, sambandsaðila og starfsfólks. Hlustað var á raddir hreyfingarinnar og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.



Hrönn Pétursdóttir ráðgjafi sá um utanumhald og ráðgjöf.

Fyrri stefna sambandsins var höfð til hliðsjónar við þessa endurnýjun. Búið er að skerpa á tilgangi og markmiðum og setja niður greinargóða aðgerðaráætlun sem nær til næstu þriggja ára.

Yfirskrift stefnunnar, Samfélaginu til góða, vísar til þess að gera skuli gott starf ungmennafélagshreyfingarinnar enn betra, stuðla að sterkari einstaklingum, öflugri félögum og bættu samfélagi. Stefnumótunin snýst um að efla sameiginlegan skilning og gera betur. Stefnan og áherslur hennar munu auðvelda hreyfingunni að ná settu marki og að stefna saman í sömu átt.


Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru höfð að leiðarljósi í allri starfsemi UMFÍ. Sérstaklega er horft til eftirfarandi fjögurra heimsmarkmiða; Heilsa og vellíðan, Jafnrétti kynjanna, Aukinn jöfnuður og Samvinna um markmiðin.



Sambandsaðilum UMFÍ eru færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag og aðkomu að vinnunni.

Við erum stolt af starfi ungmennafélagshreyfingarinnar um land allt og horfum björtum augum til framtíðarinnar.




Jóhann Steinar Ingimundarson,
formaður Ungmennafélags Íslands.

UMFÍ

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og fimm ungmennafélög með beina aðild.

SAMBANDSAÐILAR

Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og fimm ungmennafélög með beina aðild. Innan UMFÍ eru rúmlega 450 aðildarfélög.

ÖFLUG LIÐSHEILD

UMFÍ leggur áherslu á að allir geti tekið þátt í íþróttum og hreyfingu og verið hluti af öflugri liðsheild í samfélaginu. UMFÍ lætur sig lýðheilsu varða og leggur sitt af mörkum til að búa komandi kynslóðum sem best uppvaxtarskilyrði.

FORVARNIR OG FRÆÐSLA

UMFÍ sinnir forvörnum og fræðslu, leggur áherslu á að vinna að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska félagsmanna. Ungmennafélagsandinn er grundvöllur í öllu starfi hreyfingarinnar og eru sjálfbóðaliðar og framlag þeirra forsenda starfseminnar.

ÞJÓNUSTU- OG SAMSTARFSVETTvangur

UMFÍ er þjónustu- og samstarfsvettvangur fyrir sambandsaðila og aðildarfélög þeirra. UMFÍ leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, jákvæð samskipti og samvinnu með sameinaða krafta að leiðarljósi.



SAMBANDSAÐILAR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Starf þeirra félaga sem mynda UMFÍ snýst um að efla, styrkja og byggja upp fólk með íþrótt-, félags- og æskulýðsstarfi. Hlutverk UMFÍ er að styrkja starf sambandsaðila og aðildarfélaganna þeirra. UMFÍ hvetur og styður við bættu lýðheilsu landsmanna.


STEFNUÞÆTTIR

Í stefnu UMFÍ er að finna fimm stefnuþætti sem styðja við hvern annan og lýsa því hvernig félagið ætlar að ná markmiðum sínum.



Með stuðningi UMFÍ er starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra sterkara og öflugra, með áherslu á almenna þátttöku og lýðheilsu.

FRAMTÍÐARSÝN UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS



Fyrsti stefnuþátturinn er **starfsemi**, sem lýsir hlutverki og tilgangi UMFÍ. Á eftir koma **leiðirnar** sem félagið ætlar að fara til að ná markmiðum sínum og **verklagið** sem verður nýtt til að vinna verkefni. Fjórði stefnuþátturinn er **mannauðurinn**, sem lýsir starfsfólki og sjálfbærliðum ungmennafélagshreyfingarinnar og skilgreinir sýn UMFÍ sem samstarfsaðila. Sá fimmti og síðasti fjallar um **fjármál** og er hann undirstaða annarra stefnuþátta.

ÁHERSLUR Í STEFNU UMFÍ

Viðauki við stefnuna er aðgerðaráætlun sem nær til næstu þriggja ára. Áætlunin er vinnutæki stjórnar og starfsfólks til þess að þekkja stefnu UMFÍ og hverju unnið er að í hvert skipti. Undir hverjum stefnuþætti eru markmið og leiðir til að ná þeim.

STARFSEMI

UMFÍ eflir starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra

- Tilgangur og hlutverk UMFÍ, íþróttahéraða og aðildarfélaga þeirra er skýrt. Unnið er að samræmdri starfsemi og fjármögnun þeirra, óháð staðsetningu.
- Aukið samstarf og þekkingarmiðlun fyrir forystufólk innan hreyfingarinnar.
- Málsvari hreyfingarinnar út á við, sem birtist í útgefnu efni, umsögnum við lagafrumvörp til Alþingis og aðra opinbera aðila.
- UMFÍ tryggir aðgengi að sérhæfðum upplýsingakerfum og gögnum til að afla bestu upplýsinga um hreyfinguna hverju sinni.

UMFÍ hvetur og styður við eflingu lýðheilsu

- Upplýsa og greina þátttöku og brottfall í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi með bestu fánlegu aðferðunum og auknu samstarfi við fagaðila.
- Hvetja með fjölbreyttum aðferðum til aukins forvarnarsarfs tengt líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu.

LEIÐIR

UMFÍ er öflugur þjónustuaðili

- Greina stöðu sambandsaðila með það að leiðarljósi að efla persónuleg samskipti UMFÍ og starfsmanna sambandsaðila. Með nánari samskiptum batnar þjónustan.
- Vinna skýra verkferla og bæta aðgengi sambandsaðila að upplýsingum og leiðbeiningum sem nýtast þeim í starfi.

UMFÍ er leiðandi í fræðslu og forvörnum

- Vinna að fræðsluefni úr rannsóknnum með fagaðilum sem nýtist flestum.
- Nota nútímalegar aðferðir við fræðslu og miðlun upplýsinga. Huga að tíma- og staðsetningu fræðslu svo sem flestir geti eða hafi tök á að nýta sér hana.

UMFÍ stendur fyrir viðburðum

- Standa fyrir fjölbreyttum viðburðum, svo sem með nýjum verkefnum eða greinum sem hvetja til aukinnar vitundar um bættu lýðheilsu.
- Eiga samstarf um framkvæmd viðburða sem samræmast stefnu og hlutverki UMFÍ.

UMFÍ styrkir grasrótastarf

- Endurskoða sjóði og setja vinnu- og úthlutunarreglur í samræmi við hlutverk UMFÍ. Auka gagnsæi í úthlutunum úr sjóðum.
- Veita ráðgjöf og aðstoð við fjármögnun, gerð styrkumsókna innanlands sem utan og rammamasninga sem nýtast sambandsaðilum.

VERKLAG

UMFÍ leggur áherslu á nútímalegar aðferðir

- Taka ákvarðanir byggðar á þörfum og aðstæðum hverju sinni, fylgjast með tæknibreytingum og hvetja til aðlögunar og breytinga á vinnulagi í takt við breyttar og nýjar aðstæður. Hvetja fólk til þess að vera fram-sækin og þora að prófa nýjungar.
- Nota árangursríkt miðlunarform í fræðslu og fundum miðað við stað og stund hverju sinni.
- Nýta upplýsingakerfi og rafræna samskiptamáta innan hreyfingarinnar til samræmis við nútímatækni, notkun og þarfir hverju sinni.

UMFÍ byggir á traustum stjórnarháttum

- Tryggja jafnræði allra sambandsaðila í ákvarðanatöku og að skipulag hreyfingarinnar taki mið af ólíkri stærð og staðsetningu sambandsaðila.
- Tryggja virkt samráð og lýðræðisleg vinnubrögð svo sambandsaðilar hafi vettvang til að tjá sig.
- Fagleg vinnubrögð, gagnsæi og rekjanlegar ákvarðanir einkenni starfsemi UMFÍ.

UMFÍ sýnir ábyrga hegðun

- Verkferlar og upplýsingagjöf verði skýr, aðgengileg og samræmd.
- Virðing borin fyrir náttúru og umhverfi í öllu starfi UMFÍ.

MANNAUÐUR

UMFÍ byggir á öflugu sjálfboðaliðastarfi

- Sjálfboðaliðar geti öðlast þekkingu og færni sem þeir þurfa fyrir störf sín og fá verkefni við hæfi.
- Miðla upplýsingum um mikilvægi starf sjálfboðaliða og hampa starfi þeirra bæði innan og utan hreyfingarinnar.
- Búa til hvata sem höfða til ungs fólks, virkja það og auka vægi óformlegs náms og starfs.

UMFÍ samanstendur af öflugum starfsfólki

- Starfsfólk UMFÍ hafi þverfaglega þekkingu, sé fjölbreyttur og samhæfður með viðeigandi ólíka styrkleika og sérhæfingu.
- UMFÍ hvetur starfsfólk til að afla sér þekkingar og símenntunar til að bæta störf sín.

UMFÍ er sterkur samstarfsaðili

- Meiri áhersla á samtal og samstarf við stjórnvöld.
- Unnið að víðtækara samstarfi við háskóla- og fræðasamfélagið og bæta samlegðaráhrifin.
- Skilgreina hverjum UMFÍ vill tengjast og meta ávinning af samstarfi fyrir samstarfsaðila, hvort heldur mótaðili eru sambandsaðilar, fyrirtæki eða önnur frjáls félagasamtök.
- Ávinningur af erlendu samstarfi metinn og samstarfið forgangsraðað.

FJÁRMÁL

UMFÍ er framsýnt í öflun styrkja og rekstrarfjármuna

- Standa vörð um og efla núverandi tekjupósta. Vekja athygli á rannsóknargögnum sem sýna virði og gildi íþróttahéraða og æskulýðsstarfs fyrir samfélagið.
- Fjölga tekjuleiðum fyrir einstök verkefni með nýstárlegum leiðum.
- Efla fjárhagsstöðu íþróttahéraða með fjölbreyttum aðferðum og leiðum og styrkja starfsemi íþróttahéraða svo starf þeirra skili sér betur á hverju svæði.

UMFÍ er ábyrgt í nýtingu fjármuna, mannauðs, aðstöðu og búnaðar

- Til staðar er skýr áætlanagerð og fjárhagsáætlun verkefna. Verkefnum er fylgt markvisst eftir og þau gerð reglulega upp.
- Gæta útsjónarsemi í nýtingu fjármuna og aðstöðu hverju sinni.
- Gæta jafnræðis og gagnsæis við útdelingu fjármagns. Það er gert með skýrum úthlutunarreglum í samræmi við stefnu UMFÍ.

Gleði, traust og samvinna eru gildi UMFÍ. Þau endurspeglast í ungmennafélagsandanum sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið.

Ræktun lýðs og lands.

UMFÍ, okkar hreyfing!

SLAGORÐ UMFÍ

Samfélaginu til góða
– Stefna Ungmennafélags Íslands

Ungmennafélag Íslands
Sigtún 42, 105 Reykjavík
568 2929 / umfi@umfi.is

Desember 2021

umfi.is

UMFÍ